



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Dagur B. Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogi, 7. maí 2021
2011008 PBG/HH

Efni: Höfuðborgarkort – tillaga frá aðalfundi SSH

Á 524. fundi stjórnar SSH hinn 3. maí sl. var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

Höfuðborgarkort – tillaga frá aðalfundi SSH 2020 / málsnr. 2011008

Á aðalfundi SSH 2020 var lögð fram tillaga um að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu leituðu leiða til að íbúar gætu, þvert á sveitarfélögin, nýtt aðgangskort sín í sundlaugar, menningarhús og bókasöfn. Tillagan var tekin fyrir á 516. fundi stjórnar SSH og vísað til umræðu samhliða vinnu um átakswerkefni sóknaráætlunar. Tillagan kom of seint fram til að hægt væri að vinna hana áfram samhliða átakswerkefnum sóknaráætlunar árið 2021 og er gerð tillaga um að henni verði vísað til umfjöllunar á vettvangi sveitarfélaganna.

Niðurstaða fundar:

Ofangreindu er vísað til umræðu á vettvangi sveitarfélaganna.

Tilkynnist framangreint hér með. Jafnframt er þess óskað að SSH verði upplýst um ferli málsins innan sveitarfélagsins og niðurstöður þessarar umræðu sem þar fer fram.

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi gögn:

- 1) Tillaga um höfuðborgarkort – lögð fram á aðalfundi SSH 2020.